

30. maí 2002

Vátryggingarvernd flugfélaga framlengd til júníloka

Fjármálaráðherra hefur fyrir hönd ríkissjóðs ákveðið að framlengja enn um einn mánuð, eða til júníloka, vátryggingarvernd íslenskra flugrekenda vegna hryðjuverka. Er það í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórna víðsvegar um heim um framlengingu sambærilegrar vátryggingarverndar. Til dæmis samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í gær að heimila aðildarríkjum sínum slíka framlengingu til júníloka. Segja má að ríkisstjórnir austan hafs og vestan leiki nú enn einn biðleikinn meðan beðið er eftir því að línur skýrist varðandi framtíðarfyrirkomulag þessara trygginga. Í þeim efnum togast á tvenns konar sjónarmið. Annars vegar sjónarmið flugrekenda sem í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. hafa haldið því fram að óeðlilegt sé að einstök flugfélög standi að fullu undir kostnaði við kaup á ábyrgðartryggingum vegna hryðjuverka, en kostnaður við slíkar tryggingar hefur stóruáhrif vegna breytts mats tryggingarmarkaðarinnar á áhættu við slíkar tryggingar. Flugfélögin hafa því talað fyrir því að komið verði upp sérstöku gagnkvæmu tryggingakerfi á þessu sviði sem ríkissjóðir styðji, að minnsta kosti fyrst í stað. Hins vegar eru svo sjónarmið þeirra sem telja að eðlilegast sé að hinn almenni tryggingarmarkaður annist þessar tryggingar sem aðrar og að nú hylli undir að fullnægjandi tryggingar bjóðist á ný. Í samþykkt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frá því í gær var tekið fram að framkvæmdastjórn myndi vinna með aðildarríkjum sambandsins að því að meta tillögur Sambands evrópskra flugfélaga um sérstakt tryggingakerfi, en jafnframt ígrunda kosti þess að tryggingar færðust á ný að fullu yfir á hinn almenna vátryggingarmarkað. Tíminn einn mun leiða í ljós hvort skýrt muni hafa fyrir júnílok hvað ofan á verður í þessum efnum.


Kaupmáttur bóta almannatrygginga

Í umræðunni að undanförmu hefur því verið haldið fram að kaupmáttur bóta almannatrygginga hafi ekki hækkad til jafnræðis við kaupmátt launa. Hér er kaupmáttur bóta almannatrygginga reiknaður út frá 1990 og borinn saman við kaupmátt launa. Við útreikning á kaupmætti bóta er reiknað með grunnlífeyri og tekjutryggingu ásamt heimilisuppbót og tekjutryggingarauka sem fram að miðju ári 2001 hét sérstök heimilisuppbót. Seðlabankinn gerir það fyrir að laun hækki um 5,6% milli árunna 2001 og 2002. Bætur almanna-trygginga hækkuðu síðast um 8,5% 1. janúar 2002.

Á myndinni sést að kaupmáttur bóta almannatrygginga hefur verið að aukast allt frá 1990. Á árinu 2000 dregur úr kaupmætti miðað við 1999 sem stafar af því að verðbólga reyndist meiri en gert var ráð fyrir. Á árinu 2001 verður veruleg kaupmáttaraukning bóta en bætur hækkuðu um 4% í upphafi ársins, en einnig í kjölfar breytinga á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð sem tóku gildi 1. júlí 2001. Við breytingu laganna var m.a. sérstök heimilisuppbót, nú nefnd tekjutryggingarauki hækkuð úr 7.409 kr. fyrir einstakling á mánuði í 14.062 kr. á mánuði.

Kaupmáttur launa hefur einnig aukist á tímabilinu en þó verður kaupmáttarráttun á árunum 1993 og 1994 miðað við 1990. Kaupmáttur á vinnu- markaði hefur síðan verið að aukast jafnt og þétt frá 1996.

Tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu var afnumin á árinu 1996. Var þetta gert í samræmi við stefnu stjórnvalda að rjúfa sjálfvirkar tengingar skatta og útgjalda við breytingar sem ekki er á verksviði stjórnvalda að ákveða. Í núgildandi lagaákvæði sem er í 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar segir: "Bætur almanna-trygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neyluverðs."



Þannig er þess gætt við gerð fjárlaga ár hvert að ákvörðun bóta taki mið af umsömdum kauphækkunum á fjárlagárinu og lagðar eru til grundvallar sömu forsendur um launaþróun og í fjárlagafrumvarpinu. Jafnframt er ellilífeyrisþegum tryggt með lögum að fjárhæð bóta geti aldrei farið niður fyrir það mark sem vísitala neyluverðs segir til um ef laun skyldu þróast á annan hátt en verðlag. Ellilífeyrisþegum er því tryggt samkvæmt lögum að bætur þeirra þróist í samræmi við þróun umsamdra launa á almennum markaði og er jafnframt tryggður kaupmáttur þegar laun hækka minna en verðlag. Það verður því að vara við því að bera kaupmátt bóta saman við laun þegar liðið er til skemmri tíma. Þá verður að hafa í huga að sérstakar breytingar á bótakerfinu svo sem hækkun á frítekjumarki ofl. mælast ekki í hefðbundnum kaupmáttarútreikningum sem hér eru sýndir.

Umfang kjarasamninga ríkisins

Með undirritun kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands fyrir í þessum mánuði lauk lengstu kjarasamningalotu samninganefndar ríkisins við stéttarfélag starfsmanna ríkisins sem um getur, en hún hófst haustið 1999. Á þessu tímabili var skrifað undir 77 kjarasamninga við 136 stéttarfélag. Viðræðum við 27 stéttarfélag var vísað til ríkissáttasemjara og 5 stéttarfélag fóru í verkfall til að framfylgja kröfum sínum. Tapaðar vinnustundir vegna verkfalla voru 323.584 eða sem svarar til rúmlega 236 ársverka (en starfsmenn ríkisins skila að jafnaði nálægt 19.000 ársverkum í dagvinnu). Á þessu tímabili voru haldnir 839 formlegir samningafundir en því til viðbótar var fjöldi óformlegra vinnufunda um einstök atriði, sem ekki voru skráðir sérstaklega. Til þess að gefa mjög grófa mynd af því hvaða vinnuáhrif hefur farið í þessa samningsgerð þá verður að gefa sér annars vegar fjölda fundarmanna á hverjum fundi og hins vegar tímalengd hvers fundar. Ef gert er ráð fyrir því að það séu að meðaltali fimm frá hvorum aðila og hver fundur hafi að meðaltali staðið í sex klukkustundir þá eru það 50.340 klst eða sem svarar til tæplega 28 ársverka.

Þessar tölur gefa einar og sér ástæðu til þess að skoða með hvaða hætti hægt sé að breyta fyrirkomulagi kjarasamningsgerðar hjá ríkinu og viðsemjendum þess. Í því sambandi liggur beinast við að fækka þeim sem samið skal við og snýr það þá meira að stéttarfélagum og skipulagi þeirra. Af hálfu fjármálaráðherra hefur því verið lýst yfir að af hans hálfu sé vilji til þess að hafin verði endurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	5,7	5,2
Tekjuskattar	17,0	8,1
Tryggingagjöld	8,9	10,1
Eignarskattar	14,9	-9,9
Veltuskattar	-2,4	3,9
Tekjur alls	6,3	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,1	21,0
Félagsmál	20,1	13,9
Atvinnumál	24,0	0,2
Vaxtagjöld	37,1	2,0
Önnur útgjöld	50,7	3,5
Gjöld alls	22,1	10,5

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-327	-2905
Fr. lánsfjárföfnuður	-1934	-2366
Afborganir lána	-21441	-16696
Br. lánsfjárföfnuður	-28374	-22062
Lántökur	29417	26343
Greiðsluafkoma	1042	4281

Ýmsar helstu hágtölur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga – maí 2001/02	5,5	5,9
Kjarnaverðb. – maí 2001/02	5,2	8,1
Launavísitala – apríl 2001/02	9,2	8,0
Heildarvelta jan-des 00/01	9,9	14,1
Smás.velta jan-des 00/01	1,7	6,2
Atvinnuleysi – apríl 2001/02	1,6	2,6